



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um óafgreidd mál

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 9. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir samantekt á öllum fyrirspurnum og tillögum sem enn er ósvarað/afgreiddar sem lagðar hafa verið fram af Flokki fólksins á þessu og síðasta kjörtímabili í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með bréfi dags. 13. febrúar 2023.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Óafgreiddar fyrirspurnir og tillögur Flokks fólksins í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði eru eftirfarandi

MSS22090060 8.9.2022 Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um samvinnu vegna aukins ofbeldis ungmenna með eggvopn
Athugasemd: Til afgreiðslu í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði þegar úttekt á ofbeldisvarnarmálum Reykjavíkurborgar er lokið.

MSS22100160 10.11.2022 Borgarstjórn 18. október 2022; Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um stofnun stýrihóps til að bregðast við auknum vopnaburði meðal ungmenna
Vísað til meðferðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.
Athugasemd: Til afgreiðslu í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði þegar úttekt á ofbeldisvarnarmálum Reykjavíkurborgar er lokið.

Óafgreiddar fyrirspurnir og tillögur frá síðasta kjörtímabili í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði eru eftirfarandi:

MSS22010163 13.1.2022 Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um uppsagnir hjá Reykjavíkurborg vegna Covid.
27.1.2022 Vísað til umsagnar mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Ítrekað 19.4.2022 og 16.1.2023.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa